



Nefndasvið Alþingis  
Heilbrigðisnefnd  
b/t. Sigríðar Svönu Helgadóttur  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. maí 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/202, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum (579. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér bann við skrotóbaki og aðrar breytingar á lögum um tóbaksvarni.*

Ofangreint frumvarp felur í sér tvær breytingar á lögum um tóbaksvarnir og snúa þær annars vegar að því að banna skrotóbak og hins vegar að því að banna innflutning, framleiðslu og sölu á bragð- og lyktblönduðu reyklausu tóbaki. Frumvarpið var unnið í samstarfið við Lýðheilsustöð og er ætlað að vera liður í því að draga úr heilsuspillandi áhrifum reyklauss tóbaks með því að draga úr neyslu þess.

Viðskiptaráð Íslands hefur í umsögnum sínum fyrir hinum ýmsu nefndum Alþingis talað fyrir því að lög séu skýr, með eðlilegan regluramma sem framkvæmanlegt er að vinna innan. Þær breytingar sem ofangreint frumvarp fela í sér er ekki liður í því að færa lög um tóbaksvarnir nær fyrrgreindum markmiðum löggjafar.

Athugasemd verður að gera við framsetningu b.liðar 1. gr. frumvarpsins. Frumvarpið ber það ekki með sér að því sé ætlað að banna það reyklausa tóbak sem nú er löglega í umferð, þ.e. „íslenskt“ neftóbak. Hins vegar verður að benda á þá staðreynd að það er að hluta til blandað efnum sem myndu í víðari skilningi fiokkast sem lyktar- eða bragðefni, t.d. salt og ýmis efnasambönd, þó ekki sé um ávaxtabragð að ræða. Ef ákvæðið á að standa eins og það er sett fram er þörf á að setja frekari skýringar við hvað er átt með bragð- og lyktarblönduðu reyklausu tóbaki í 2. gr. laganna.


Gagnrýna verður sérstaklega að komist er að þeirri niðurstöðu í greinargerð með frumvarpinu að munntóbaksneyslu eigi að bera saman við það að nota ekki tóbak, í stað þess að bera það saman við aðra tóbaksneyslu. Það virðist sem gripið sé til þessara raka svo ekki þurfi að taka á þeirri spurningu afhverju herjað er gegn reyklausu tóbaki þegar mun meiri hætta er fólgin í því sem er reykt eins og fram kemur í greinargerðinni. Þetta virðist vera sett fram til að forðast þessa umræður. Augljóst er að bera verður saman tóbaks neyslu við aðra tóbaksneyslu en ekki við það að neyta ekki tóbaks.

Heilsufarssjónarmið virðast ekki vera látin ráða þegar ákveðið er hvers konar tóbak er hér leyft og hvað bannað. Það sést vel á ofangreindu frumvarpi, enda virðist ástæðan fyrir því að skrotóbak er tekið út að þessu sinni vera sú að það er lítið sem ekkert notað en ekki af því það er skaðlegra en annað. Ótal rannsóknir hafa verið gerðar á skaðsemi tóbaks og dylst það engum, hins vegar hafa þær einnig sýnt fram á misskaðleg einkenni tóbaks. Slíkt sjónarmið eru ekki höfð að leiðarljósi við smíði

regluverks eða almennrar stefnu stjórnvalda, heldur virðist hún frekra stjórnast af tilviljunum og hefðum.

Óteljandi eru þær rannsóknir sem hafa sýnt fram á skaðsemi tóbaks, í öllu formi, og ekki er hér á nokkurn hátt verið að rengja skaðsemi þess eða hvetja til notkunar. Hins vegar verður að gagnrýna hvernig unnið er að gerð lagaramma á þessu sviði. Unnið er markvisst að því að banna þau form tóbaks sem eru utan þess sem er reykt og hinu svokallaða íslenska neftóbaki. Gagnrýna verður þessi vinnubrögð og sérstaklega í því ljósi að þau eru ekki í samræmi við þau heilsusjónarmið sem þó er vísað til í umfjöllun greinargerðar. Aukið gagnsæi og skýrleiki í regluverki fæst ekki með vinnubrögðum sem þessum.

Virðingarfyllst,



---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands